AUGLÝSING

um samning við Bandaríkin um samvinnu um byggingu flugstöðvar á Keflavíkurflugvelli.

Hinn 5. júlí 1983 var gengið frá samningi í formi erindaskipta milli Íslands og Bandaríkjanna um samvinnu um byggingu flugstöðvar á Keflavíkurflugvelli.

Samningurinn öðlaðist gildi sama dag.

Erindaskiptin eru birt sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 27. júlí 1983.

Geir Hallgrímsson.

Ingvi S. Ingvarsson.

Fylgiskjal.

a. Erindi sendiherra Bandaríkjanna til utanríkisráðherra.

Reykjavík, 5. júlí 1983

Hr. utanríkisráðherra,

Ég leyfi mér að vísa til samþykktrar bókunar frá 18. júlí 1979 og nýlegra viðræðna milli fulltrúa Bandaríkjanna og Íslands varðandi byggingu flugstöðvar með tvíþættu hlutverki á Keflavíkurflugvelli (hér á eftir nefnd „flugstöð") svo og til samkomulags milli fulltrúa Bandaríkjanna og Íslands varðandi verklýsingu, hönnun og staðsetningu flugstöðvarinnar.

Eftirfarandi samkomulag hefur náðst milli ríkisstjórnar Bandaríkjanna og ríkisstjórnar Íslands (hér á eftir nefndar „aðilar") varðandi framkvæmd ofangreindrar samþykktrar bókunar:

1. Flugstöðin skal notuð í þágu almenns flugrekstrar af hálfu ríkisstjórnar Íslands og af hervöldum Bandaríkjanna á ófriðartímum eða í neyðartilfellum í samræmi við varnarsamninginn milli lýðveldisins Íslands og Bandaríkja Ameríku á grundvelli Norður-Atlantshafssamningsins frá 5. maí 1951 og hlutaðeigandi samninga og samþykkta.

2. Aðilar skulu skuldbinda sig til greiðslu á samtals 20 milljónum króna í jöfnum upphæðum eða jafngildi í Bandaríkjadollurum til að ljúka fyrsta gagnlega framkvæmdaráfanga flugstöðvarinnar. Skuldbinding varðandi framlag til byrjunarframkvæmda skal vera fyrir hendi fyrir 1. október 1983.

3. Ríkisstjórn Bandaríkjanna skal láta í té allt að 20 milljónum dollara til greiðslu heildarframlags hennar til byggingarinnar.

a. Note from the Ambassador of the United States of America to the Minister for Foreign Affairs

Reykjavik, July 5, 1983

Excellency,

I have the honor to refer to an Agreed Minute of 18 July 1979 and to recent discussions between representatives of the United States and of Iceland concerning the construction of a dual-purpose terminal facility at Keflavik Airport (hereinafter referred to as "the Facility"), as well as to agreements between representatives of the United States and of Iceland on the specifications, design and location of the Facility.

The following understanding has been reached between the United States Government and the Government of Iceland (hereinafter referred to as "the Parties") concerning the implementation of the above Agreed Minute:

1. The Facility shall be used for civil aviation purposes by the Government of Iceland and used by United States military authorities in times of war or emergency, in accordance with the Defence Agreement pursuant to the North Atlantic Treaty between the United States and the Republic of Iceland of 5 May 1951 and related agreements and arrangements.

2. The Parties shall obligate in equal amounts a total sum of not more than 20 million Icelandic Kronur or the equivalent in US dollars to implement the first complete and usable stage of construction of the Facility. Obligation of funds towards the initial contract award must take place prior to October 1, 1983.

3. The Government of the United States shall provide up to 20 million dollars for payment of its total contribution to the costs of construction of the Facility.

4. Ríkisstjórn Íslands er skuldbundin til að byggja flugstöðina og skal, að tilskildu samþykki Alþingis, láta í té á réttum tíma í ljósi ríkjandi efnahagsástands á Íslandi þær fjárhæðir sem þörf er á umfram framlag Bandaríkjanna sem vitnað er til í 3. tl. og nauðsynlegar eru til að fullgera gagnlega flugstöðvarbyggingu.

5. Skilmálar fyrir samvinnu um byggingu flugstöðvarinnar umfram þann verkþátt sem lýst er í 2. tl. að ofan, og fjallað hefur verið um af fulltrúum aðilanna á grundvelli skjals sem vitnað er til í hinni samþykktu bókun, skulu ræddir í því skyni að ná samkomulagi svo fljótt sem verða má um áætlun varðandi frekari áfanga byggingarinnar og skilmála þar að lútandi. Greiðslur samkvæmt 3. og 4. tl. hér að ofan skulu látnar í té að háðu samþykki annars vegar þjóðþings Bandaríkjanna og hins vegar Alþingis í formi tvíhliða hlutagreiðslna í samræmi við greiðsluáætlanir vegna framkvæmdanna.

6. Þegar hafin er almenn flugstarfsemi í flugstöðinni skal varnarliðið taka aftur við núverandi flugstöðvarbyggingu til afnota í sambandi við almenna starfsemi varnarliðsins. Afhendingartími núverandi flugstöðvar skal ákveðinn í nánari viðræðum aðila samkvæmt 5. tl. hér að ofan.

Ég leyfi mér að leggja til að þessi orðsending og staðfesting yðar skuli fela í sér samning milli ríkisstjórna okkar sem taki gildi þann dag sem svar yðar er dagsett.

Ég votta yður, hr. utanríkisráðherra, enn á ný sérstaka virðingu mína.

Marshall Brement.

Hr. utanríkisráðherra
Geir Hallgrímsson,
Utanríkisráðuneytinu,
Reykjavík.

4. The Government of Iceland is committed to the construction of the Facility and shall, subject to Parliamentary approval, contribute at the appropriate time, taking into account the prevailing economic situation in Iceland, the funds required in excess of the United States contribution referred to in paragraph 3 necessary to construct a complete and usable terminal facility.

5. The terms and conditions for cooperation in the construction of the Facility further to the stage referred to in paragraph 2 above, which have been discussed by representatives of the Parties on the basis of a draft document referred to in the Agreed Minute, shall be the subject of future bilateral consultations, with a view to reaching agreement on the schedule of further construction increments, terms and conditions at the earliest opportunity. The contributions referred to in paragraphs 3 and 4 above shall be made available, subject to Congressional and Althing approval, respectively, in the form of shared periodic payments in order to meet construction payment schedules.

6. Upon commencement of civil air operations in the Facility, the present terminal will revert to the Iceland Defence Force for occupancy and use in normal Defence Force operations. Turnover date of the present terminal shall be the subject of future consultations referred to in paragraph 5 above.

I have the honor to propose that if the foregoing is acceptable to your Excellency's Government, this Note together with your Excellency's confirming reply shall constitute an Agreement between our two Governments effective upon the date of your Excellency's reply.

Accept, Excellency, the renewed assurances of my highest consideration.

Marshall Brement

His Excellency
Geir Hallgrímsson
Minister for Foreign Affairs
Reykjavík

b. Svar utanríkisráðherra til sendiherra Bandaríkjanna.

Reykjavík, 5. júlí 1983

Hr. sendiherra,

Ég leyfi mér að vísa til orðsendingar yðar frá í dag varðandi samning milli ríkisstjórna okkar um

b. Reply from the Minister for Foreign Affairs to the Ambassador of the United States of America

Reykjavík, 5 July 1983

Excellency,

I have the honour to refer to your Excellency's Note of today's date proposing an Agreement

samvinnu um byggingu flugstöðvar með tvíþættu hlutverki á Keflavíkurflugvelli.

Ég leyfi mér að staðfesta að ríkisstjórn Íslands getur fallist á tillögur í orðsendingu yðar og að orðsending yðar og þetta svar skuli fela í sér samning milli ríkisstjórna okkar um þetta mál sem taki gildi í dag.

Ég votta yður, hr. sendiherra, enn á ný sérstaka virðingu mína.

Geir Hallgrímsson.

Hr. sendiherra
Marshall Brement,
Sendiráði Bandaríkjanna,
Reykjavík.

between our two Governments concerning cooperation in the construction of a dual-purpose terminal facility af Keflavík Airport.

I have the honour to confirm that the proposals contained in your Excellency's Note are acceptable to my Government and that your Note and this reply shall be regarded as constituting an Agreement between our two Governments on this subject effective today.

Accept, Excellency, the renewed assurances of my highest consideration.

Geir Hallgrímsson

His Excellency
Ambassador Marshall Brement
American Embassy
Reykjavík

Nr. 11 16. ágúst 1983

AUGLÝSING

um gildistöku Norðurlandasamnings um viðurkenningu á starfsréttindum innan heilbrigðisþjónustunnar og dýralæknaþjónustunnar.

Norðurlandasamningur frá 25. ágúst 1981 um viðurkenningu á starfsréttindum innan heilbrigðisþjónustunnar og dýralæknaþjónustunnar öðlaðist gildi 3. ágúst 1983, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 7/1982, þar sem samningurinn er birtur.

Sama dag féllu úr gildi samningur frá 18. júní 1965 um sameiginlegan vinnumarkað lækna ásamt breytingu frá 19. ágúst 1976, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 12/1979, og samningur frá 2. desember 1969 um norrænan vinnumarkað fyrir lyfjafræðinga, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 4/1971.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 16. ágúst 1983.

Geir Hallgrímsson.

Ingvi S. Ingvarsson.